



Framsókn

Atvinnumál

Drög að stefnu Framsóknar

Flokksþing Framsóknar

2024

Efnisyfirlit

1.	Framsækið og fjölbreytt atvinnulíf um allt land.....	4
2.	Sjávarútvegur	5
2.1.	Rannsóknir, nýsköpun og þróun í sjávarútvegi.....	5
2.2.	Fiskeldi	6
2.3.	Verndun villtra stofna.....	6
3.	Landbúnaður	6
3.1.	Fjölbreyttur landbúnaður, nýsköpun og vöruþróun.....	7
3.1.1.	Nýsköpun og vöruþróun í landbúnaði	7
3.1.2.	Ylrækt.....	7
3.1.3.	Akuryrkja	7
3.2.	Starfsskilyrði bænda, nýliðun og stuðningskerfi landbúnaðar	8
3.2.1.	Skattalegir hvatar og fjármögnun	8
3.3.	Innlend fóður- og áburðarframleiðsla - tilbúið til yfirlestrar	9
3.4.	Landnýting, skógrækt og landgræðsla - tilbúið til yfirlestrar.....	9
4.	Matvæli	10
4.1.	Heilnæm matvæli, fæðuöryggi og upprunamerkingar	10
4.2.	Matvælarannsóknir, nýsköpun og eftirlit.....	11
4.3.	Matvæli beint frá býli	11
4.4.	Innflutningur matvæla og tollvernd	11
4.5.	Velferð dýra og varnir gegn riðu.....	12
5.	Ferðaþjónusta	12
6.	Verslun og þjónusta	14
7.	Iðnaður og orka.....	14
7.1.	Stóriðja.....	15
7.3.	Byggingariðnaður.....	16
7.4.	Frumframleiðsla í iðnaði.....	16
8.	Hugverkaiðnaður, nýsköpun, frumkvöðlar, rannsóknir og vísindi - Gunnar Sær.....	16
8.1.	Hugverkaiðnaður	16
8.2.	Rannsóknir og vísindi.....	17
8.3.	Fjármögnun og stuðningsumhverfi nýsköpunar.....	17
8.4.	Frumkvöðlar.....	18
9.	Vinnumarkaður	19
9.1.	Atvinnupátttaka og stuðningur við atvinnuleitendur.....	19

9.1.1.	Jafnrétti á vinnumarkaði	19
9.1.2.	Full atvinna.....	19
9.1.3.	Sveigjanleg starfslok.....	19
9.1.4.	Stuðningur við atvinnuleitendur	19
9.1.5.	Starfstengd íslenskukennsla fyrir innflytjendur	20
9.1.6.	Innflytjendur fá menntun erlendis frá viðurkennda	20
9.1.7.	Alþjóðlegir sérfræðingar	20
9.1.8.	Fólk með skerta starfsgetu	20
9.2.	Forvirkar aðgerðir og starfsendurhæfing	21
9.2.1.	Jafnvægi milli vinnu og einkalífs	21
9.2.2.	Forvirkar aðgerðir og vinnuvernd	21
9.2.3.	Kulnun	21
9.3.	Réttindi og skyldur launafólks	21
9.3.1.	Launajafnrétti kynjanna	21
9.3.2.	Félagsleg undirboð og brot gegn kjarasamningum.....	21
9.3.3.	Staða og réttindi einyrkja/sjálfstætt starfandi.....	21
9.3.4.	Gerviverktaka og svört atvinnustarfsemi.....	22

1. Framsækið og fjölbreytt atvinnulíf um allt land

Hagkerfi Íslands er örthagkerfi í alþjóðlegu samhengi og sem slíkt er það Íslandi mikilvægt að vera **samkeppnishæft** á alþjóðamarkaði. Aðeins með þeim hætti er hægt að tryggja jákvæðan gjaldeyrisjöfnuð og aukinn hagvöxt hér á landi.

Öflugir atvinnuvegir og **verðmætasköpun** er undirstaða öflugs samfélags og lífskjara þjóðarinnar. Íslenskt atvinnulíf byggist að stórum hluta á hagnýtingu náttúruauðlinda í sjávarútvegi, landbúnaði, iðnaði og ferðaþjónustu. Auðlindir landsins eru sameign íslensku þjóðarinnar og mikilvægt er að tryggja það með sérstöku ákvæði í stjórnarskrá. Framsókn telur mikilvægt að nýta allar auðlindir landsins með skynsamlegum hætti svo hægt sé að tryggja komandi kynslóðum aðgang að þeim. Á síðustu árum hefur fjölbreytni atvinnulífsins stóraukist samhliða hröðum tækniframförum, áherslu á nýsköpun og skapandi greinar og miklum vexti ferðaþjónustunnar. Auka þarf samkeppnishæfni og sveigjanleika íslensks atvinnulífs með því að draga úr hindrunum í gildandi regluverki og tryggja að ný löggjöf sé skýr og skilvirk.

Framsókn vill efla íslenskt atvinnulíf enn frekar og að skjóta fleiri **stoðum** undir innlenda verðmætasköpun svo sem uppbyggingu í skapandi greinum og hugverkaiðnaði ásamt því að styðja við helstu útflutningsgreinar þjóðarinnar.

Framsókn vill **auka fjölbreytni** atvinnulífsins með **nýsköpun** og uppbyggingu nýrra atvinnugreina um allt land. Eigi slík uppbygging að eiga sér stað er mikilvægt að huga að umhverfi nýsköpunar og sprota, fjármögnunarmöguleikum, menntun þjóðarinnar og regluverkinu sem sprotafyrirtæki og atvinnulífið í heild sinni býr við. Sérstaklega verði ýtt undir nýsköpun og fjárfestingu þar sem um er að ræða verkefni og iðnað sem byggja á sjálfbærni, nýtingu og fullvinnslu hráefnis, umhverfisvænum lausnum og styðja við orkuskipti. Framsókn vill hvetja til enn frekari fjárfestinga á sviði hugverkaiðnaðar með fjárfestingastuðningi við stærri verkefni sem skapa verðmæti og störf fyrir þjóðina. Framsókn vill styrkja Tæknipróunarsjóð og bæta skattaumhverfi nýsköpunarfyrirtækja sem og frumkvöðla. Hvatt sé til myndunar **klasa** á ólíkum sviðum vítt og breitt um landið með fjármagni til aðstöðu og innviða.

Tryggja þarf að framboð menntunar sé í takt við þarfir atvinnulífs á hverju svæði og menntastofnanir hafi skilgreint hlutverk við að mæta þeim. Mikilvægt er að skipulagning náms byggi á greiningu á menntunarpörf, mannaflaspám og vinnumarkaðsrannsóknum svo að menntun íslenskra ungmenna sé hagnýtanleg á vinnumarkaði. Jafnframt þarf að tryggja að tengsl séu við atvinnulífið á öllum menntunarstigum. Byggja þarf brú á milli skóla og atvinnulífsins meðan á námi stendur til að auðvelda ungu fólki aðgengi að vinnumarkaði eftir að námi lýkur. Einnig þarf að tryggja greiðfæra **sí- og endurmenntunarmöguleika** til að bregðast við breytingum á vinnumarkaði vegna sjálfvirknivæðingar eða fyrir fólk sem fellur einhverra hluta vegna af vinnumarkaði.

Nýta þarf tæknipróun til að **auka framleiðni** hér á landi. Framleiðni hefur ekki verið í takt við launapróun síðastliðin ár, og ef sú próun heldur áfram mun það bitna verst á launþegunum sjálfum. Tryggja þarf að bein tengsl séu á milli framleiðni íslensks vinnuafis og launapróunar svo að íslensk fyrirtæki séu samkeppnishæf á alþjóðamarkaði, sem er megin forsenda fyrir framtíðar hagsæld hér á landi.

Íslenskt hugvit hefur leitt til þess að Ísland er í fremstu röð er kemur að nýtingu endurnýjanlegrar orku. Framsókn vill að Ísland verði áfram í fararbroddi er kemur að þróun endurnýjanlegra orkugjafa. Endurnýjanleg orka úr auðlindum landsins skapar samkeppnisforskot og ber að nýta með ábyrgum hætti. Framsókn telur að nýta eigi þá orku sem framleidd er hérlandis til innlendrar verðmætasköpunar og eflingar samkeppnishæfni Íslands á alþjóðamarkaði. Raforka er undirstaða fjölbreytts atvinnulífs, lífsgæða og verðmætasköpunar hér á landi.

2. Sjávarútvegur

Auðlindir hafsins eru sameign íslensku þjóðarinnar. Sjávarútvegur hefur lengst af verið öflugasta útflutningsgreinin og máttarstólpi í gjaldeyrisöflun þjóðarinnar.

Sjávarútvegur þarf að uppfylla skilyrði sem sett voru í lög um **stjórn fiskveiða** svo að um greinina ríki sátt. Í fyrsta lagi að auðlindin sé nýtt á sjálfbæran máta. Í öðru lagi að **nýting auðlindarinnar sé arðbær og skili arði til þjóðarinnar**. Í þriðja lagi að **treysta atvinnu og byggð um land allt**. Þýðingarmikið er að gagnsæi sé á eignarhaldi sjávarútvegsfyrirtækja. Brýnt er að huga vel að **öryggi sjómanna**.

Framsókn styður við hlutdeildarkerfi í sjávarútvegi þannig að fiskveiðum sé **stýrt í kvótum** eins og gert er í dag enda hefur slíkt fyrirkomulag skapað mikil verðmæti fyrir þjóðarbúið.

Eðlilegt er að sjávarútvegurinn greiði sanngjarnt **veiðigjald** fyrir nýtingu á sameiginlegum auðlindum þjóðarinnar. Mikilvægt er að regluverk um allar tegundir sjávarfangs sé skýrt til að tryggja aukna arðsemi af fjölbreyttri nýtingu þeirra auðlinda sem finnast í hafinu við Ísland.

Byggðauðræði fiskveiðistjórnunarkerfisins þarf að nýta áfram á ábyrgan hátt. Þær aflaheimildir sem ríkið hefur árlega til afnota til atvinnu-, félags- og byggðauðræða þurfa að vera markvisst nýtt til að tryggja byggðafestu í viðkvæmustu byggðunum. Í því sambandi má einnig horfa til fiskeldis.

2.1. Rannsóknir, nýsköpun og þróun í sjávarútvegi

Á síðustu árum hefur verið mikil gróska í rannsóknum og þróun á fullnýtingu sjávarafla, en ekki síður á lífmassa úr hafinu. Sérstaklega má nefna rannsóknir á sjávargróðri og sjávardýrum t.a.m. þangi og þörungum, krabba- og skeldýrum. Þónokkrir aðilar víða um land hafa tekið sín fyrstu skref í þessum rannsóknum og þróun. Á landsbyggðinni eru að verða til þróunar og nýsköpunarsetur sem geta, í samstarfi við skóla og öflugar stofnanir, orðið mikilvægir þættir í þróun atvinnulífs með tíð og tíma.

Framsókn leggur áherslu á að auka fyrirsjáanleika fyrir þá sem stefna á aukna nýtingu nýrra eða minna nýtttra tegunda sjávarfangs.

Skapa þarf hvata fyrir frumkvöðla á svæðum þar sem tegundir eru ekki nýttar.

2.2. Fiskeldi

Mikill uppgangur hefur verið í fiskeldi á heimsvísu undanfarna áratugi og hér á landi er það ört vaxandi atvinnugrein sem hefur sætt mikillar umræðu. Framsókn vill ná sátt um uppbyggingu og starfsemi fiskeldis á Íslandi. Slík sátt næst aðeins með skýrri lagaumgjörð, vísindalegum rannsóknum, sjálfbærri nýtingu auðlinda og virku eftirliti. Við framþróun eldisfyrirtækja á Íslandi þarf að horfa til byggðasjónarmiða og sjá til þess að eldið skili tekjum til þeirra samfélaga þar sem fyrirtækin eru staðsett. Fiskeldi skapar verðmæti fyrir nærsamfélög og fyrir þjóðarbúið í heild, en til þess að svo verði til framtíðar þarf rekstrarumhverfi fiskeldis að vera samkeppnishæft.

Mikilvægt er að gagnsæi sé á eignarhaldi fiskeldisfyrirtækja. Mikil samþjöppun hefur orðið á eignarhaldi þar sem ekkert því til fyrirstöðu að einn eða fáir aðilar eignist öll gild eldisleyfi hérlendis og stýri þannig allri framleiðslu á eldisfiski og seiðaeldi í sjó og á landi. Brýnt er að skoða hvernig takmarka megi samþjöppun eignarhalds aðila í fiskeldi á Íslandi og hvort takmarka eigi með einhverjum hætti eignarhald erlendra aðila á eldisleyfum á Íslandi. Mikilvægt er að horfa til þróunar í nágrennalöndum í þeim efnum. Huga þarf að því að nýliðun geti átt sé stað í greininni og að vægi frumkvöðlastarfsemis í greininni sé tryggt.

Umgjörð og lagaumhverfi fiskeldis þarf að vera skýrt og skilvirkt ef greinin á að þrífast í sátt við umhverfi og samfélag. Starfsemi í fiskeldi taki mið af umhverfis-, loftslags-, heilbrigðis- og byggðasjónarmiðum. Mikilvægt er að rannsóknir séu fullnægjandi og **eftirlit** með fiskeldi sé virkt. Tryggja þarf að til þess bærir vísindamenn séu fengnir til að rýna aðferðafræði sem Hafrannsóknarstofnun notar við mat á burðarþoli, við gerð áhættumats og eftirlit með landeldi. Eftirlitsaðilar þurfa að vera staðsettir í nálægð við starfsemina til að sinna virku eftirliti.

Framsókn vill skýra heimildir til eðlilegrar **gjaldtöku af fiskeldi**. Brýnt er að gjaldtaka af fiskeldi hamli ekki uppbyggingu og samkeppnishæfni greinarinnar. Sérstaklega skal horfa til aðlögunar nýliða og getu minni aðila sem njóta síður stærðarhagkvæmnis að standa undir gjöldunum.

2.3. Verndun villtra stofna

Hér á landi treysta margir á tekjur af veiði í ferskvötnum og ám. Brýnt er að vernda villta laxastofninn og tryggja að líffræðilegum fjölbreytileika í ám og vötnum sé ekki ógnað. Samþjöppun veiðiréttinda, m.a. með stórfelldum jarðakaupum einstaklinga eða félaga, þarf að taka sérstaklega til skoðunar.

3. Landbúnaður

Staða íslenskra bænda hefur verið erfið um langt skeið. Stóraukning á innfluttum landbúnaðarvörum, hár fjármagnskostnaður og miklar hækkanir á verði á aðföngum hefur reynst greininni erfið síðustu ár. Bregðast verður við þeirri grafalvarlegu stöðu sem komin er upp í landbúnaði hér á landi til að tryggja innlenda matvælaframleiðslu og fæðuöryggi þjóðarinnar. Nauðsynlegt er að tryggja bændum, og sér í lagi ungum bændum, eðlileg starfsskilyrði og afkomu fyrir vinnuframlag sitt svo þeir geti starfað

áfram og komið verði í veg fyrir brottfall í greininni með neikvæðum áhrifum á framboð landbúnaðarafurða.

Stjórnvöld eiga að leita leiða til að auka hagræðingu í innlendri matvælaframleiðslu og samkeppnishæfni hennar við sívaxandi innflutning matvæla. Sem dæmi má nefna jákvæðar breytingar á búvörulögum þess efnis að heimila afurðastöðvum í kjötiðnaði að vinna saman eða sameinast með tilheyrandi hagræðingu og bættri samkeppnishæfni við innflutning matvæla.

Vegna mikilvægis landbúnaðar fyrir matvæla- og fæðuöryggi og því hlutverki sem landbúnaður gegnir í loftlags- og umhverfismálum er nauðsynlegt að stjórnsýsla landbúnaðar, landnýtingar og matvæla- og fæðuöryggis sé undir einu ráðuneyti.

3.1. Fjölbreyttur landbúnaður, nýsköpun og vöruþróun

Framsókn vill styðja við og styrkja íslenskan landbúnað til þess að verða sjálfbær varðandi fjölbreytta matvælaframleiðslu og viðhalda einkennum landsins um blómlegar sveitir og öflugt dreifbýli um allt land. Landbúnaður og nýting auðlinda landsins er hluti af sögu og menningu okkar og aðdráttarafli fyrir innlenda og erlenda ferðamenn. Stuðningurinn á vera til þess fallinn að auka verðmætasköpun, stuðla að framleiðslu heilnæmra matvæla í takt við eftirspurn og að bændur hafi afkomu af sínum búskap. Mikilvægt er að innlend matvælaframleiðsla fullnægi þörfum þjóðarinnar. Framsókn leggur því til að sérstakur hvati verði settur upp fyrir framleiðendur sem hyggja á framleiðslu matvöru sem skortur er á hér á landi. Mikil sóknarfæri felast í frekari framleiðslu á lamba-, svína- og nautakjöti, kjúklingi, korni og grænmeti.

3.1.1. Nýsköpun og vöruþróun í landbúnaði

Hvetja þarf til nýsköpunar í landbúnaði og tryggja að regluverk hamli henni ekki. Nýsköpun í landbúnaði ætti að ýta undir fjölbreyttari framleiðslu og meiri fullvinnslu og fullnýtingu á matvælum. Samhliða þarf að huga að nýtingu afurða sem ekki nýtast til manneldis, bæði til að auka verðmæti á framleiðsluvörum bænda og vegna sjálfbærni- og umhverfissjónarmiða. Horfa skal til þeirrar þróunar sem orðið hefur í fullvinnslu sjávarafurða hér á landi síðustu ár, sem hefur aukið arðsemi greinarinnar.

3.1.2. Ylrækt

Framsókn vill tryggja nægilegt magn raforku og sanngjarnt raforkuverð til garðyrkjubænda. Það eflir frumframleiðslu, eykur framleiðni, stuðlar að frekari fjárfestingu, nýsköpun og framþróun greinarinnar. Öll tækifæri eru til að stórauka framleiðslu á innlendu grænmeti og kryddjurtum. Skapa þarf hvata til að rækta fleiri tegundir af grænmeti, ávöxtum, plöntum og blómum sem hægt er að rækta hér á landi. Mikilvægt er að vernda land sem hentar vel til ylræktar og garðyrkju.

3.1.3. Akuryrkja

Framsókn vill auka hvata til kornræktar og gera tilraunir með ræktun á fleiri tegundum en áður. Með aukinni kornrækt verður búskapur sjálfbærari, þá sérstaklega mjólkurframleiðsla. Bæta þarf starfsumhverfi akuryrkju til að kornrækt verði fýsilegri kostur fyrir bændum. Huga þarf að tryggingavernd

vegna uppskerubrests, aðgengi að kornpurkunarstöðvum og kornuppskerutækjum og möguleikum til að verjast ágangi gæsa og álfta.

3.2. Starfsskilyrði bænda, nýliðun og stuðningskerfi landbúnaðar

Staða bænda hefur farið versnandi á síðustu árum og nýliðun hefur verið lítil sem engin. Aukin kostnaður vegna hækkunar stýrivaxta hefur lagst þungt á bændur. Á sama tíma hafa bændur undirgengist strangt regluverk um velferð búfjár. Slíkt regluverk er mikilvægt en hefur þó kostað miklar fjárfestingar á síðustu árum. Auk þess hefur innflutningur á landbúnaðarvörum vaxið gífurlega með tilheyrandi tapi og áskorunum fyrir innlendan landbúnað. Brýn þörf er á að styðja við íslenska bændur til þess að bregðast við erfiðri stöðu.

Framsókn leggur áherslu á að bæta starfsumhverfi bænda. Á þeim tímum þar sem næga atvinnu er að fá velja sífellt færri landbúnað að aðalstarfi. Vinna þarf að bættu afleysingakerfi fyrir bændur m.a. með það að markmiði að tryggja ungum bændum bættu möguleika á að taka fæðingarorlof, sem er einn liður í því að stuðla að frekari nýliðun ungs fólks í greininni. Með aukinni tæknivæðingu og framförum í landbúnaði má minnka vinnuálag margra starfa í landbúnaði. Minna vinnuálag og bætt starfsskilyrði draga úr hættu á slysum og bæta öryggi og vellíðan. Þá sem liður í að bæta búsetu og öryggismál er mikilvægt að tryggja 3ja fasa rafmagn, stöðugt símasamband og ljósleiðara um allt land.

Framsókn leggur áherslu á að matvælaöryggi þjóðarinnar sé tryggt með samningum á milli ríkisins og bænda. Það er frumskilyrði hvers samfélags að tryggja íbúum næg holl matvæli á viðráðanlegu verði. Tryggja þarf samkeppnishæf rekstrarskilyrði fyrir íslenskan landbúnað með endurskipulagningu á regluverki, eftirliti og stýringu með þeim hætti að skipulagningin ýti undir nýsköpun. Sveigjanleiki þarf að vera til staðar til að aðlagast breytingum og auka verðmætasköpun greinarinnar í góðri sátt við umhverfi og samfélag til að tryggja matvælaöryggi þjóðarinnar til framtíðar.

3.2.1. Skattalegir hvatar og fjármögnun

Framsókn vill hvetja til nýliðunar og auðvelda nýliðum að taka sín fyrstu skref í landbúnaði. Þannig stuðlum við að jákvæðari byggðapróun um land allt. Mikilvægt er að leita leiða til að halda áfram ábúð á jörðum og skapa þarf hvata fyrir landeigendur til þess að selja landbúnaðarland til áframhaldandi landbúnaðarnota.

Til þess að ýta undir nýliðun á sauðfjárbúum er lagt til að breytingar verði gerðar á skattalögum með það að markmiði að bæta stöðu seljenda og kaupenda að bújörðum. Líta má til skattalöggjafar í Noregi og löndum innan EES sem farið hafa sambærilega leið. Sem dæmi má nefna skattalega hvata við tilfærslu jarða innan fjölskyldu eða sölu bújarða til áframhaldandi landbúnaðar. Ásamt þessu má nefnda skattaafslátt í landbúnaði, skattfrjálsa styrki og niðurfellingu skatta við sölu bújarða eða búrekstrar til áframhaldandi landbúnaðar. Sala á jörðum og búrekstri (oft einkahlutafélög) eiga ekki að falla í sama flokk og sala á

almennum eignum og fyrirtækjum, slík sala er annars eðlis og aðstæður gjörólíkar.

Framsókn telur nauðsynleg að gera breytingar á lánsfjármögnun til jarðakaupa og búrekstrar m.a. með því að tryggja aðgengi að þolinmóðu lánsfé á sanngjörnum kjörum. Það má meðal annars gera með því að veita bændum lán í gegnum Byggðastofnun á lágum vöxtum til lengri tíma, í anda gömlu stofnlánadeildarinnar. Svo það sé mögulegt þarf að stórauka fjármagn til Byggðastofnunar. Þá er lagt til að útfæra hlutdeildarlán til bænda með þeim hætti að stjórnvöld leggja til 25-30% af kaupverði jarða sem yrðu endurgreidd að lánstíma loknum eða ef kæmi til sölu.

Taka þarf stuðningskerfi landbúnaðarins til endurskoðunar með það að markmiði að þeir bændur sem stunda landbúnað í atvinnuskyni fái hlutfallslega meiri stuðning. Ef þeir sem eru með stærri sauðfjárbú fengju stærri hluta af ríkisgreiðslum gætu þeir frekar gert búskap að fullri atvinnu. Mikilvægt er að halda inni greiðslumarki líkt og samþykkt hefur verið með öllum greiddum atkvæðum á búgreinapungum síðustu ár. Skýrslur RML sem varða afkomu sauðfjárbúa hafa sýnt mikilvægi greiðslumarks og gefa til kynna að því þurfi að halda, a.m.k. þar til að betri stuðningsleið finnst.

Þá er nauðsynlegt að skilvirkt og áreiðanlegt tryggingakerfi sé til staðar fyrir bændur. Eins þarf að skoða tryggingavernd bænda í kjölfar náttúruhamfara. Tjón af völdum náttúruhamfara er oft töluvert og getur reynst bæði einstaklingum og rekstraraðilum ofviða og þar með ógnað heilu samfélögunum. Tryggingavernd vegna náttúruhamfara er því mikilvæg sem og skilvirk og sanngjörn úrvinnsla í kjölfar hamfara.

3.3. Innlend fóður- og áburðarframleiðsla

Framsókn vill efla innlenda fóður- og áburðarframleiðslu og nýta þau tækifæri sem felast í jarðhita og orkuskiptum í landbúnaði. Með markvissum aðgerðum getum við framleitt allt að 80% af því kjarnfóðri sem við þurfum til innlendrar matvælaframleiðslu. Nýta þarf lífrænan úrgang til áburðar í auknum mæli í þágu hringrásarhagkerfis og loftslagsmarkmiða.

Innlend matvælaframleiðsla er of háð innfluttum aðföngum, svo sem hráefni til fóðurgerðar, áburði, fræjum og olíu sem getur hæglega stöðvast komi til stríða eða náttúruhamfara sem takmarka innflutning. Skynsamlegt er að koma upp varabirgðum sem duga að lágmarki til eins árs til að tryggja aðföng til matvælaframleiðslu.

3.4. Landnýting, skógrækt og landgræðsla

Framsókn leggur áherslu á að sjálfbær landnýting samþættir fæðuframleiðslu, líffræðilegan fjölbreytileika og vinnu gegn loftslagsbreytingum. Hlutverk stjórnvalda er að afla þekkingar sem nýtist við ólíka landnýtingu, veita ráðgjöf og markvissa forystu. Forysta birtist m.a. í gengum skipulag sem varðveitir gott landbúnaðarland og fjölbreytta hvata til sjálfbærrar landnýtingar og kolefnisbindingar þ.m.t landgræðslu og skógrækt. Skilgreina þarf betur flokkun landnýtingar.

Framsókn leggur áherslu á að vinna við kolefnisbindingu og aðgerðir til að draga úr kolefnislosun frá landi verði í höndum þeirra sem hafa atvinnu af landnýtingu, á einkalöndum, afréttum og þjóðlendum.

Ígrunda þarf sérstaklega hvar endurheimt vistgerða krefst sérstaks inngrips og hvar heppilegra er að náttúran sé látin óáreitt um endurheimt.

Framsókn leggur áherslu á að fjölbreytt landnýting krefst gagnkvæmrar virðingar nágranna en telur að víða séu sameiginlegar girðingar nauðsynleg forsenda þess að ólík landnýting þrífist. Tryggja þarf áframhaldandi framlög ríkisins til girðinga og viðhalds þeirra í gegnum Land og skóg og Vegagerðina. Skoða ætti meira samstarf þar á milli og við sveitarfélög til að tryggja markvissa nýtingu fjármagns.

4. Matvæli

4.1. Heilnæm matvæli, fæðuöryggi og upprunamerkingar

Framsókn leggur áherslu á mikilvægi innlendrar matvælaframleiðslu fyrir fæðuöryggi þjóðarinnar. Stuðla þarf að aukinni sjálfbærni og draga úr kolefnislosun í matvælaframleiðslu. Jafnframt þarf að útfæra fyrirkomulag vegna neyðarbirgða landbúnaðarafurða sem hægt er að framleiða hér á landi með það að markmiði að tryggja lágmarksbirgðir af landbúnaðarafurðum í landinu hverju sinni.

Sérstaða íslenskra matvara er einstök á heimsvísu þar sem lyfja- og eiturefnanotkun í landbúnaði á Íslandi er með því minnsta sem þekkt í heiminum auk þess sem notkun vaxtarhormóna er bönnuð. Það er brýnt heilbrigðismál að komið sé í veg fyrir útbreiðslu sýklalyfjaónæmra baktería á Íslandi með ströngum ráðstöfunum, en sýklalyfjaónæmi er ört vaxandi ógn í heiminum.

Framsókn vill byggja upp vörumerki íslenskra matvæla þar sem hreinleiki íslenskrar náttúru og sérstaða íslenskra matvæla með áherslu á rekjanleika, heilnæmi og gæði er dregin fram. Markaðssetning íslenskra matvæla, aukinn sýnileiki og jákvætt umtal hvetur neytendur til að taka meðvitaða ákvörðun um að velja íslenskt og styðja þannig við innlenda matvælaframleiðslu með kaupum sínum, með tilheyrandi afleiddum áhrifum.

Framsókn vill að við opinber innkaup fyrir mötuneyti skóla og annarra stofnana sé ávallt leitast við að velja íslensk matvæli. Einnig er mikilvægt að skólarnir fræði börn og unglinga um mikilvægi neyslu íslenskra matvæla út frá heilsufars-, sjálfbærni- og umhverfissjónarmiðum og íslenskum efnahag.

Framsókn vill innleiða upprunavottun innlendrar matvælaframleiðslu til skýrrar aðgreiningar frá innfluttum vörum. Matvæli sem koma erlendis frá skulu vera merkt sem slík. Mikilvægt er að spornað sé gegn grænþvotti, sem getur birst sem t.d. falskar eða misvísandi vottunarkerkingar.

4.2. Matvælarannsóknir, nýsköpun og eftirlit

Regluverk má ekki vera svo íþyngjandi að það dragi úr nýsköpun, vöruþróun og samkeppnishæfi fyrirtækja í matvælaframleiðslu. Framsókn vill breyta lögum og reglugerðum varðandi eftirlit með landbúnaði og matvælaframleiðslu með það að markmiði að auka skilvirkni og draga úr kostnaði. Eftirlit á að byggja á áhættumati sem er í samræmi við umfang og áhættu sem felst í tiltekinni framleiðslu og dreifingu.

Framsókn vill auka vægi rannsókna í landbúnaði þar sem áhersla er lögð á nýsköpun og virðisauka. Framsókn vill styðja sérstaklega við rannsóknir og nýsköpun í matvælaframleiðslu á borð við örpörungarækt, einfrumupróteinrækt, skordýrarækt og/eða aðra nýja próteingjafaramleiðslu, sem er liður í auknu fæðu- og matvælaöryggi þjóðarinnar til framtíðar.

4.3. Matvæli beint frá býli

Framsókn vill auka möguleika bænda og býla á að skapa sér sérstöðu til að auka virði afurða og búa til hliðarafurðir sem byggja á matarmenningu og upplifun gesta. Einfalda þarf regluverk vegna heimavinnslu og smásölu á matvælum og auðvelda þannig bændum að framleiða og selja matvæli beint frá býli. Bændum ætti að heimila heimaslátrun og vinnslu að undangengnu áhættumati og nauðsynlegri fræðslu.

Framsókn vill styðja við bakið á handverksbrugghúsum og smærri innlendum áfengisframleiðendum. Þó með ákveðnum þrepaskiptum takmörkunum með lýðheilsusjónarmið til hliðsjónar. Afsláttur af áfengisgjaldi til smærri innlendra áfengisframleiðenda er til þess fallinn að lækka framleiðslukostnað þeirra og með því stuðla að frekari nýsköpun ásamt því að gera þá samkeppnishæfari á markaði.

4.4. Innflutningur matvæla og tollvernd

Framsókn telur nauðsynlegt að gerðar séu sömu kröfur um heilnæmi og heilbrigði innfluttra landbúnaðarafurða og gerð er til innlendar framleiðslu til að tryggja samkeppnisstöðu og heilbrigði og hreinleika íslenskra landbúnaðarafurða til framtíðar. Tryggja þarf að ekki sé flutt inn kjöt af dýrum sem alin eru við lakari aðstæður en kröfur eru gerðar um hér á landi. Neytendur eiga rétt á að vita við hvaða aðstæður og aðbúnað matvæli eru framleidd, m.a. hvað varðar notkun lyfja og hormóna og kolefnisspor afurðanna.

Framsókn vill auka tollvernd í þágu íslensks landbúnaðar og tryggja að verklag og eftirlit með úthlutun tollkvóta sé í samræmi við ákvæði samninga um tollvernd. Uppfæra þarf gjöld tollskrár og tryggja að tollkvótar séu verðlagðir í samræmi við tilgang sinn. Nýta þarf tækifæri sem gefast til útflutnings búvara m.a. á grundvelli tollasamninga, landfræðilegrar sérstöðu og hreinleika Íslands og íslenskrar matvöru. Tollasamningur við Evrópusambandið á að sæta endurskoðun með það að markmiði að tryggja jafnvægi í skuldbindingum samningsaðila út frá ávinningi. Þá er talið að forsendur eru brostnar hvað varðar útflutning búvara. Framsókn telur brýnt að

styrkja tollaeftirlit verulega og gera það sambærilegt því sem þekkest í samanburðarríkjum.

4.5. Velferð dýra og varnir gegn riðu

Framsókn leggur áherslu á að góður aðbúnaður, takmörkun sýklalyfja og velferð dýra séu höfð að leiðarljósi við matvælaframleiðslu. Mikilvægt er að eftirlit með dýravelferð sé skilvirkt.

Dýralæknar gegna mikilvægu hlutverki í okkar samfélagi við umönnun dýra. Gott aðgengi að dýralæknum um land allt er lykilþáttur í velferð dýra. Mikilvægt er að starfsumhverfi dýralækna sé bætt og stutt sé kröftuglega við námsmenn í dýralæknanámi. Skortur á dýralæknum getur haft í för með sér alvarlegar afleiðingar fyrir aðgengi bænda og almennings að dýralæknaþjónustu, sem gætu haft alvarleg og óafturkræf áhrif á heilsu og velferð dýra, auk fjárhagslegs tjóns fyrir bændur.

Varnir gegn riðu og förgun á dýrahraejum eru í ólestri. Einungis ein brennslustöð tekur við dýrahraejum til brennslu hér á landi, en brennsla er nauðsynleg þegar um sýktar afurðir er að ræða. Þá er heldur ekki ásættanlegt að flytja sýkt dýrahrae milli varnarhólfa til förgunar með tilheyrandi áhættu. Öflug greining gæti líka komið í veg fyrir að það þyrfti að farga heilbrigðu fé og eins og nú er gert. Hægt yrði að grisja úr sýkt fé og koma þannig í veg fyrir þungar aðgerðir.

Verndandi arfgerð gegn riðu hefur fundist í sauðfé hér á landi. Með áframhaldandi ræktun á þeim stofn er hægt að **rækta riðu úr íslenskum sauðfjárstofni** á nokkrum árum ásamt því að kortleggja stofninn hratt og örugglega. Með því er hægt að vinna sig upp frá grunni og eyða þessum óvissuþætti úr búgreininni.

5. Ferðapjónusta

Ferðapjónustan er ein af stærstu atvinnugreinum á Íslandi og mikilvægur drifkraftur hagvaxtar og aukinna lífsgæða á Íslandi. Sá mikli og stöðugi gjaldeyrisstraumur sem ferðapjónustan skapar skiptir er mikilvægur litlu og opnu hagkerfi á borð við okkar. Hann styður við gengi krónunnar og stuðlar þannig að lægri verðbólgu en ella.

Ferðapjónustan hefur að sama skapi bætt búsetuskilyrði um allt land, en um er að ræða stærstu sjálfsprottnu byggðaaðgerð Íslandssögunnar. Hærra atvinnustig hringinn um landið sem og stóraukið framboð af þjónustu í afþreyingu, gistingu, mat og drykk ásamt bættu aðgengi að náttúruperlum eru aðstæður sem íbúar landsins jafnt sem erlendir gestir njóta góðs af. Framsókn vill auka möguleika á búsetu og störfum á öllu landinu og þar gegnir ferðapjónustan lykilhlutverki. Lítil og meðalstór fyrirtæki í eigu heimafólks á hverjum stað skila ábata inn í samfélögin og skapa grundvöll til frekari uppbyggingar þjónustu og annarrar starfsemi á svæðinu.

Þeim öra vexti á komum erlendra ferðamanna til landsins á árunum fyrir heimsfaraldur fylgdu vissulega vaxtaverkir. Hins vegar hefur margt áunnist á síðustu árum í að byggja upp nauðsynlega innviði til að taka á móti þessum aukna fjölda. Fjölmörg sóknartækifæri eru til staðar til þess að gera enn betur í þessum efnunum til að stuðla að

sjálfbærum vexti. Gangi spár um fjölda erlendra ferðamanna eftir eru horfur góðar fyrir ferðapjónustu og alla verðmætasköpun sem á henni byggir.

Undanfarið hefur verið unnið að ferðapjónustustefnu til ársins 2030 ásamt aðgerðaáætlun. Meginsteifið í henni er að íslensk ferðapjónusta verði leiðandi í sjálfbærri þróun á grunni efnahagslegs, umhverfislegs og samfélagslegs jafnvægis.

Grunnurinn að verðmætasköpun í ferðapjónustu er að hún sé arðbær og samkeppnishæf en starfi jafnframt í sátt við land og þjóð. Framsókn vill styrkja umgjörð ferðapjónustunnar og skapa henni betri skilyrði til að vaxa og dafna í takt við áherslur í ferðamálastefnu og aukna verðmætasköpun. Framsókn telur ljóst að hækkun á virðisaukaskatti á ferðapjónustu í efra þrep muni leiða til verðhækkana og hafa mjög neikvæðar afleiðingar á samkeppnishæfni landsins. Reynsla nágrannaþjóða sýnir að breytingar hafa ekki aðeins áhrif til skamms tíma heldur einnig á aðsókn til lengri tíma. Ísland er nú þegar einn dýrasti áfangastaður heims.

Það er mikilvægt að viðhalda og styrkja ímynd og orðspor áfangastaðarins Íslands. Markviss, stöðug og heildstæð markaðssetning skilar miklum þjóðhagslegum ábata fyrir landið og hefur hliðaráhrif á aðrar útflutningsgreinar á erlendri grundu. Mikilvægt er að tryggja að markaðssetning Íslands, íslenskrar ferðapjónustu og á íslenskum vörum sé ávallt unnin af fagmennsku og í samræmi við þær áherslur sem fram koma í ferðamálastefnu og aðgerðaáætlun hennar.

Áfram verður unnið að uppbyggingu innviða í takt við hóflegan vöxt ferðamanna til þess að vernda náttúru landsins og tryggja jákvæða upplifun ferðamanna. Áhersla sé lög á að innviðir í ferðapjónustu séu byggðir upp á sjálfbæran hátt og hönnun þeirra falli vel að umhverfinu.

Framsókn leggur áherslu á styrkingu millilandaflugs um Akureyri og Egilsstaði til að stuðla að aukinni dreifingu ferðamanna um landið. Tryggja þarf samkeppnishæfni flugvallanna m.t.t. aðstöðu, lendingargjalda og eldsneytisverðs. Byggja þarf upp samhæft samgöngunet í landinu, sem tengir saman innlent og alþjóðleg samgöngunet, hvort heldur sem er flug eða áætlunarferðir á sjó og landi.

Framsókn leggur áherslu á að ekki skuli lokað á aðgengi að stórum hluta landsins, eða einstökum landsvæðum nema brýna nauðsyn beri til.

Mikilvægt er byggt sé upp heildstætt skipulag ferðapjónustu hér á landi til að koma í veg fyrir átroðning og neikvæð umhverfisáhrif. Það er hagar bæði ríkis og sveitarfélaga að skapa heildstæða áætlun um landnýtingu og stýringu ferðamanna um landið.

Nýta skal aðgangsstýringu í formi sértækrar gjaldtöku á þeim svæðum þar sem ágangur er mikill og uppbygging og viðhald innviða kostnaðarsöm. Slík gjaldtaka tryggir staðbundnar tekjur sem renna ættu að stærstum hluta til þeirra aðila sem sjá um uppbyggingu og verndun svæðisins. Rétt útfærsla myndi tryggja fjármagn til uppbyggingar nauðsynlegra innviða á svæðunum með öryggi, upplifun og náttúruvernd að leiðarljósi.

Rétt útfærsla á staðbundinni aðgangsstýringu myndi stuðla að dreifingu ferðamanna bæði um landið og yfir árið. Gjaldtaka af þessu tagi gæti þannig orðið að verkfæri sem

gerir ríki, sveitarfélögum og öðrum hagsmunaaðilum kleift að byggja upp innviði ferðaþjónustunnar með ábyrgari og árangursríkari hætti með tryggri fjármögnun.

Mikilvægt er að endurskoða starfsumhverfi ferðaþjónustunnar með það að markmiði að það sé samkeppnishæft. Einfalda þarf rekstrarumhverfið ásamt því að auka skilvirkni og hvetja til aukinnar nýsköpunar og frumkvöðlastarfsemi í greininni. Gera þarf kröfu til þess að erlend ferðaþjónustufyrirtæki sem starfa hér á landi uppfylli sömu kröfur og gerðar eru til innlendra ferðaþjónustufyrirtækja. Skýra þarf lög og reglur um starfsemi erlendra aðila hér á landi svo jafnræðis sé gætt og til þess að hægt sé að koma í veg fyrir félagsleg undirboð.

6. Verslun og þjónusta

Dagvörumarkaðurinn er mikilvægur í íslensku hagkerfi enda er hann stór hluti af innkaupakörfu heimilisins. Hann stendur frammi fyrir áskorunum sem geta haft áhrif á bæði fyrirtæki og neytendur. Ein helsta áskorunin er hætta á of mikilli samþjöppun sem getur leitt til færra valkosta og hærra vöruverðs fyrir neytendur. Smærri aðilar geta því orðið undir í samkeppninni. Til að takast á við þessar áskoranir þarf að vera til staðar öflugt regluverk sem kemur í veg fyrir fákeppni á markaði. Mikilvægt er að fylgjast vel með þróun á dagvörumarkaði og grípa strax til aðgerða ef samþjöppun verður of mikil. Veita þarf litlum og meðalstórum dagvöruvirkjum aðstoð til að koma í veg fyrir fákeppni t.d. í formi hvata, styrkja eða tæknilegrar aðstoðar. Einnig skal finna leiðir til að hvetja til nýsköpunar á öðrum dreifileiðum svo sem bændamörkuðum og styðja við innlenda framleiðslu.

Framsókn telur mikilvægt að verslun og þjónusta búi við samkeppnishæft umhverfi og skilvirkt regluverk. Stjórnvöld þurfa að stuðla að heilbrigðri samkeppni á neytendavörumarkaði. Rekstur matvöruverslana í minni byggðarlögum er mikilvægur þáttur í að viðhalda grunnþjónustu um land allt. Efla þarf stuðning við slíkar verslanir í smærri byggðakjörnum enda er rekstur matvöruverslana oft hjartað í hverri byggð.

Endurskoða skal lög og reglugerðir varðandi lyfjainnflutning. Leita skal leiða til að auka samkeppni á lyfjaheildsölumarkaði. Í þessu samhengi má nefna að heimila ætti öllum lyfjaheildsölum að flytja inn lyf sem eru nú þegar með markaðsleyfi hér á landi. Einnig skal leita leiða til að draga úr kostnaði við nýskráningar á lyfjum til að auka samkeppni og draga úr lyfjaskorti.

7. Iðnaður og orka

Íslenskt hugvit hefur leitt til þess að Ísland er í fremstu röð er kemur að nýtingu endurnýjanlegrar orku, en hingað til lands kemur fólk hvaðanæva að úr heiminum til að sjá og læra af reynslu okkar. Framsókn vill að Ísland verði áfram í fararbroddi er kemur að þróun endurnýjanlegra orkugjafa. Þá vill Framsókn einnig að Ísland verði fremst er kemur að orkuskiptum. Innlendar auðlindir eru þar verulegt forskot og ber að nýta með ábyrgum hætti.

Framsókn telur að nýta eigi þá orku sem framleidd er hérlendis til innlendra verðmætasköpunar og eflingar samkeppnishæfni Íslands á alþjóðamarkaði. Raforka er undirstaða fjölbreytts atvinnulífs, lífsgæða og verðmætasköpunar hér á landi.

Framsókn vill tryggja að stjórnvöld yti undir nýsköpun og fjárfestingu á sviði endurnýjanlegrar orku, enda er framþróun á þessu sviði og orkuskipti grundvöllur hagvaxtar í jafnvægi við umhverfið. Framsókn vill leggja sitt að mörkum til að hraða fyrir þessum breytingum.

Framsókn telur mikilvægt að stutt sé við fjölbreytta þróun á endurnýjanlegri orku. Ljóst er að orkunýting hefur aukist til muna ár frá ári og mun koma til með að aukast enn frekar í takt við aukna tæknivæðingu heimsins. Mikilvægi endurnýjanlegra orkugjafa mun því aðeins aukast.

Framsókn leggur áherslu á að mörkuð verði skýrari stefna með það að markmiði að auka nýsköpun þegar kemur að auðlindanýtingu. Fjárfesting í nýsköpun á grundvelli auðlindanýtingar er vænlegri til byggðafestu og tryggja störf í hinum dreifðu byggðum.

Samkeppnishæft þekkingarsamfélag þarf markvissa fjárfestingu, jafnt í grunnrannsóknnum sem hagnýtum rannsóknnum og mikilvægt er að tryggja gott rannsóknarumhverfi fyrir framúrskarandi vísindafólk. Öflugir samkeppnissjóðir í rannsóknnum og nýsköpun eru ein af forsendum samkeppnishæfni íslensks vísinda- og nýsköpunarumhverfis og mikilvægur grunnur að sókn í erlenda sjóði og samstarfsáætlanir.

Einnig telur Framsókn rétt að orku verði ráðstafað eftir mikilvægi. Það er rétt nálgun að festa í löggjöf að nægjanleg orka verði tryggð heimilum og litlum og meðalstórum fyrirtækjum ef skammta þarf orku. Eðli máls samkvæmt myndu stórnotendur bera þungann af skerðingum, en undir það hugtak flokkast mörg þjóðhagslega mikilvæg fyrirtæki sem skila samfélaginu talsverðum útflutningstekjum. Taka þyrfti tillit til þeirra fyrirtækja í framangreindum aðstæðum og takmarka eins og hægt er að slíkar skerðingar eigi sér stað í rekstri þeirra, með tilheyrandi áhrifum á framboð þeirra á vöru og/eða þjónustu.

7.1. Stóriðja

Stóriðja í tengslum við nýtingu á endurnýjanlegri orku hefur skapað fjölda atvinnutækifæra um allt land. Nærsamfélögin eiga að njóta góðs af uppbyggingu grænnar stóriðju og þjónusta við stóriðju á að sótt í nágrenni hennar. Mikilvægt er að huga að umhverfis- og loftslagssjónarmiðum með áherslu á hagkvæma nýtingu auðlinda, lágmörkun sóunar og tryggri orkunýtingu.

7.2. Grænn iðnaður

Framsókn telur mikilvægt er að grænn iðnaður verði eflur frekar hér á landi. Þannig má styðja við sjálfbærni með hringrásarhugsun að leiðarljósi og bættri fjölnýtingu auðlinda og innviða. Mögulegur ávinningur af grænum iðngörðum getur verið margvislegur. Má þar nefna minni notkun hráefna, s.s. vatns, orku, efna, minni úrgang vegna aukinnar hringrásar, minni losun gróðurhúsalofttegunda og mengunar ásamt lækkuðum rekstrarkostnaði og bættri skilvirkni við framleiðslu.

7.3. Byggingariðnaður

Framsókn vill einfalda regluverk og skýra ferla til að lækka byggingarkostnað án þess að slá af kröfum um gæði og öryggi mannvirkja og heilnæmi bygginga. Kröfur sem gerðar eru til byggingaraðila skulu taka mið af umfangi framkvæmda og tegund bygginga. Nýta þarf nýja tækni og lausnir á borð við einingar og einingahús til að hraða uppbyggingu. Tryggja þarf nýliðun og menntunartækifæri í byggingariðnaði um allt land. Byggingariðnaðurinn á að fylgja kröfum, alþjóðlegum stöðlum og viðmiðum sem snúa að sjálfbærni og loftslagsmálum.

7.4. Frumframleiðsla í iðnaði

Framsókn vill að boðið verði upp á fjárfestingastuðning eða lán fyrir sprota og nýsköpunarfyrirtæki til að fjárfesta í tækjum og búnaði sem stuðla að aukinni atvinnuþróun þegar kemur að frumframleiðslu.

8. Hugverkaiðnaður, nýsköpun, frumkvöðlar, rannsóknir og vísindi

8.1. Hugverkaiðnaður og hátækniþróun

Með sífelldum og fjölbreyttum tækninýjungum, fullkomnun alnetsins og vaxandi vöruflutningum hefur markaður fyrir vörur og þjónustu, ásamt þeirri samkeppni sem fylgir, færst frá því að vera staðbundinn yfir í að spanna yfir allan heim. Samkeppnin er hörð og fer vaxandi, en í slíkum aðstæðum verður vernd hugverka sífellt mikilvægari þáttur í hefðbundinni starfsemi rekstraraðila. Þetta á við alls staðar í heiminum og ekki síst hér á landi. Með sífellt fullkomnari tækni er auðveldara að brjóta á hugverkarétti og nýta sér verk annarra í eigin þágu.

Mikilvægt er að tryggja að íslenskt hugvit, íslensk hönnun, íslensk list og íslensk framleiðsla njóti verndar í hvívetna bæði innanlands og á erlendri grundu. Reglur um hugverkavernd hafa flestar verið samræmdar um allan heim og við eigum að nýta þær til verndunar á íslensku hugverki og íslenskum afurðum á alþjóðamarkaði.

Að auki er mikilvægt að stjórnvöld taki ákvarðanir sem eru til þess fallnar að efla frumkvöðla og listamenn og styðja þá við að gera hugmyndir sínar að veruleika. Slíkur stuðningur skilar sér margfalt til baka í stóru myndinni, en hugverk geta aukið hagvöxt, skilað útflutningstekjum og verið atvinnuskapandi. Íslensk frumkvöðlastarfsemi hefur t.a.m. sýnt sig og sannað undanfarin ár.

Framsókn vill að stjórnvöld gangi í aðgerðir með það að markmiði að starfrækja eftirlit með mögulegum brotum á íslensku hugverki ásamt því að aðstoða frumkvöðla, framleiðendur og höfunda við að sækja rétt sinn þegar brotið er gegn hugverkarétti þeirra.

Framsókn vill að stjórnvöld aðstoði einstaklinga og lögaðila við að tryggja að vörur þeirra og þjónusta njóti sérstöðu á alþjóðamarkaði með nýtingu laga og reglna á sviði hugverkaréttar.

Framsókn vill að tryggt sé að fræðsla um hugverkaréttindi og vernd þeirra standi öllum til boða. Meðal markmiða slíkrar fræðslu væri að kynna fyrir þeim sem það sækja hvernig hægt er að tryggja vernd á hugverki sínu áður en það er of seint, t.d. hvað varðar einkaleyfi og vörumerkjavernd.

Hátækniþróun hefur umturnað heimsmyndinni síðastliðin ár. Á Íslandi eru mörg tækifæri til staðar er kemur að aukinni þátttöku Íslendinga og íslenskra fyrirtækja í þeirri þróun. Sérstaklega í ljósi þess að menntunarstig þjóðarinnar er mjög hátt í samanburði við flestar aðrar þjóðir og að grundvöllur frekari þróunar á þessu sviði byggir á hugviti.

Framsókn vill því að ýtt sé undir aukna framþróun á því sviði hér á landi til að tryggja aukna hagsæld þjóðarinnar til lengri tíma.

Framsókn vill að tryggt verði jafnt aðgengi að hátækninámi.

8.2. Rannsóknir og vísindi

8.2.1. Opinber stuðningur við vísindarannsóknir

Ásamt því að reka stofnanir sem hafa það verkefni að rannsaka ýmsa þætti hvað varðar t.d. náttúru og atvinnulíf, svo eitthvað sé nefnt, þá styðja stjórnvöld einnig við vísindarannsóknir með margvíslegum hætti. Þó fyrst og fremst með fjárveitingum til rannsóknastofnana og ákveðinna rannsóknaverkefna innan veggja háskólanna. Einnig hafa skattaleggir hvatar til frekari rannsókna verið lögfestir hér á landi. Auk þess rekur ríkið samkeppnissjóði sem starfræktir eru með það að markmiði að veita rannsóknaverkefnum fjárhagslegan stuðning.

Framsókn leggur áherslu á að standa vörð um öfluga háskóla í landinu. Einnig eiga Íslendingar öflug rannsóknarfyrirtæki sem hafa verið í fararbroddi á sínum sviðum. Framsókn vill að opinber stuðningur verði áfram veittur til stuðnings við rannsóknaverkefni af öllum toga bæði í þágu vísinda og frekari nýsköpunar og atvinnusköpunar hér á landi.

Framsókn vill að stutt verði við námsmenn sem mennta sig við mikilvægar greinar á sviði vísinda og nýsköpunar.

8.3. Fjármögnun og stuðningsumhverfi nýsköpunar

Fyrstu ár nýsköpunarfyrirtækis reynast almennt erfið og mörg þeirra lifa þau ekki af. Fyrstu ár verkefnisins einkennast af hönnun og sköpun þjónustu eða vöru, en á þeim tíma eru tekjur af skornum skammti og kostnaður talsverður. Á þessum tíma er mikilvægt að stuðningur sé til staðar bæði á sviði hins opinbera og með einkaframtaki.

Mikilvægt er að sprotafyrirtæki og önnur nýsköpunarfyrirtæki hafi næga fjármögnunarmöguleika svo að hægt sé að komast í gegnum erfið hönnunar- og þróunartímabil, tryggja að nýsköpun nái góðri fótfestu og að úr verði arðbær

fyrirtæki sem auka hagvöxt hér á landi. Mynda þarf skýra heildarmynd með löggjöf sem hvetur einkaaðila á borð við fjársterka fjárfesta, lífeyrissjóði og önnur fyrirtæki til að fjárfesta í nýsköpunarstarfsemi í auknum mæli. Mikilvægt er að nýsköpunarfyrirtæki geti tryggt sér fé til að standa straum af launum og launatengdum gjöldum ásamt því að geta mætt kostnaði við að hanna og þróa ákveðna lausn. Framsókn leggur til að skattaafsláttur einstaklinga sem kaupa hlutafé í sprotafyrirtækjum verði að varanlegu ákvæði í skattalögum, en talið er að hagrænn ábati slíks fyrirkomulags yrði hærri en kostnaður við þá aðgerð.

Framsókn styður starfsemi Rannís og það styrkjakerfi sem er mikilvægt fyrir bæði frumkvöðla og nýsköpun almennt.

Framsókn vill styrkja Tækniþróunarsjóð og bæta skattaumhverfi nýsköpunarfyrirtækja sem og frumkvöðla.

Ýta þarf undir frekari nýsköpun með fjölbreyttari styrkjamöguleikum fyrir sprotafyrirtæki. Það stuðlar að minni efnahagssveiflum vegna breytinga einstakra atvinnuvega.

Framsókn vill að bætt sé við flokki í viðmiðunarreglum reiknaðs endurgjalds hjá Ríkisskattstjóra fyrir sprotafyrirtæki. Ein helsta leið frumkvöðla til að fjármagna fyrirtæki sín á allra fyrstu árum er með eigin framlagi til fyrirtækisins. Nýr flokkur myndi gera frumkvöðlum kleift að halda niðri þróunarkostnaði þar til nægt fjármagn næst til verkefnisins án þess að missa réttindi á vinnumarkaði. Í dag þurfa frumkvöðlar að reikna sér samkeppnishæf laun of snemma í þróunarferlinu sem aftrar oft uppgangi fyrirtækjanna á fyrstu þróunarstigum.

Framsókn vill að fjármagn til helstu nýsköpunarsjóða, s.s. Tækniþróunarsjóðs verði aukið. Síðastliðin ár hafa verkefni sem hafa sterkar grunnstoðir og góða vaxtarmöguleika ekki hlotið styrk vegna skorts á fjármagni.

8.4. Frumkvöðlar

8.4.1. Samfélagsfrumkvöðlar

Starfsemi samfélagsfrumkvöðla hefur það markmið að leita nýrra lausna við að leysa samfélagsleg vandamál t.d. vanda sem varða þróunarlönd og náttúru. Stundum er starfsemi samfélagsfrumkvöðla í formi hugverka- og nýsköpunar eða nýtingu tækni, en hún getur einnig falist í einfaldari lausnum.

Starfsemi af þessu tagi er samfélagslega mikilvæg og getur oft leyst hnúta sem stjórnvöld yrðu annars að glíma við dag hvern. Samfélagsfrumkvöðlar starfa almennt ekki í gróðaskyni heldur frekar af ástríðu og hugsjón. Markmiðið er að hafa jákvæð áhrif á sitt nærumhverfi og jafnvel víðar með því að leysa vandamál sem myndu annars plaga þeirra samfélag.

Framsókn vill að stjórnvöld styðji við starfsemi samfélagsfrumkvöðla með margvíslegum hætti á sama máta og t.d. er gert fyrir hefðbundin fyrirtæki sem starfa í gróðaskyni og rannsóknarstarfsemi í þágu vísinda og nýsköpunar.

9. Vinnumarkaður

9.1. Atvinnuþátttaka og stuðningur við atvinnuleitendur

9.1.1. Jafnrétti á vinnumarkaði

Jafnrétti á vinnumarkaði stuðlar að aukinni framleiðni og fjölbreyttari sýn á verkefni sem leiðir af sér framþróun og stöðugri vinnumarkað. Framsókn telur brýnt að ráðast í markvissar aðgerðir til að draga úr kynjabili í stjórnendastöðum í atvinnulífinu.

9.1.2. Full atvinna

Atvinnuþátttaka allra vinnufærra einstaklinga er ekki aðeins þjóðhagslega mikilvæg heldur einnig félagslega mikilvæg. Mikilvægt er að gefa sem flestum tækifæri á að nýta starfskrafta sína með viðeigandi hætti. Samfélagslegur ávinningur af því er mikill þar sem félagslegum vandamálum fækkar almennt við eðlilega atvinnuþátttöku.

Framsókn vill að ríkið setji af stað varanleg verkefni á borð við ráðningastyrki, sem stuðla að virkni hjá atvinnuleytendum og draga úr langtímaatvinnuleysi. Auka þarf samvinnu og skilvirkni á milli stofnana sem annast þjónustu við atvinnuleitendur og annað vinnufært fólk utan vinnumarkaðarins með það að leiðarljósi að þjálfa og/eða endurmennta einstaklinga til að auka möguleika þeirra á að finna vinnu við sitt hæfi.

9.1.3. Sveigjanleg starfslok

Framsókn vill að fólki sé gefinn kostur á sveigjanlegum starfslokum miðað við heilsufar og getu hvers og eins. Samhliða þarf að skoða breytingar á núverandi lagaákvæði þannig að tekið sé á móti greiðslum í lífeyrissjóði lengur en til 70 ára aldurs. Eins er brýnt að tryggja að atvinnuþátttaka eldri starfsmanna á vinnumarkaði verði ekki til þess að lífeyrisréttindi viðkomandi skerðist.

9.1.4. Stuðningur við atvinnuleitendur

9.1.4.1. Framfærsla / atvinnuleysisbætur

Framsókn telur mikilvægt að stutt sé við atvinnuleitendur á þann hátt sem mögulegt er, enda geta einstaklingar og fjölskyldur að öðrum kosti lent í skuldavanda sem reynist erfitt að vinna sig úr. Atvinnuleysisbætur skulu vera endurskoðaðar reglulega með tilliti til fjárhæða og greiðsluforsendna eftir samfélagsaðstæðum hverju sinni. Nefna má endurskoðanir sem farið hafa fram á kerfinu í tengslum við efnahagshrunið og heimsfaraldur Covid-19, en reglubundin endurskoðun kerfisins er nauðsynleg til þess að kerfið haldi gildi sínu og einnig til þess að skilgreina hverjir teljast vera „virkir atvinnuleitendur“ samkvæmt reglum kerfisins.

9.1.4.2. Virkni og viðhald starfsgetu

Virkni einstaklinga innan vinnumarkaðar er mikilvæg út frá bæði þjóðhagslegum og einstaklingsbundnum þáttum. Tryggja þarf stuðning við einstaklinga sem eru í hættu á að falla af vinnumarkaði með því að aðstoða þá

við að stunda atvinnu eða annað virkniúrræði í samræmi við hæfni og getu hverju sinni. Í sumum tilfellum getur verið um aðeins tímabundið brotthvarf frá vinnumarkaði ef stuðningur við virkni er nægilegur og viðkomandi einstaklingar geta þá snúið aftur til reglulegrar atvinnu eða annars konar virkni með þeim jákvæðu áhrifum sem því fylgir fyrir bæði viðkomandi einstaklinga og þjóðarhag.

Þeir einstaklingar sem ná ekki þeirri aðstöðu að komast aftur á vinnumarkað þurfa annars konar virkniúrræði til að snúa til, hvort það sé atvinna með stuðningi, hæfing eða annað. Virkni stuðlar að bættri líkamlegri og andlegri heilsu þeirra einstaklinga sem annars ættu á hættu að einangrast.

9.1.5. Starfstengd íslenskukennsla fyrir innflytjendur

Íslenska er lykillinn að samfélaginu. Mikilvægt er að innflytjendum standi til boða aðgengileg og fjölbreytt íslenskukennsla. Framsókn vill að starfstengd íslenskukennsla verði í boði á vinnustöðum. Framsókn vill innleiða hvata til íslenskunáms og tryggja rétt innflytjenda til íslenskunáms á vinnutíma, þeim að kostnaðarlausu.

9.1.6. Innflytjendur fá menntun erlendis frá viðurkennda

Framsókn vill auðvelda innflytjendum að fara í raunfærnimat og fá viðurkennt nám þeirra erlendis frá. Til dæmis með því að útbúa staðla fyrir þær atvinnugreinar sem eiga mest við og vinna svo áfram að því að útbúa staðla fyrir aðrar greinar. Gæta þarf samræmis í mati stéttarféлага, annars konar samtaka og ríkisins hvað varðar hvernig staðið er að mati af þessu tagi.

9.1.7. Alþjóðlegir sérfræðingar

Framsókn telur að ákjósanlegt sé að laða að alþjóðlega sérfræðinga hingað til lands að því gefnu að öllum stöðlum og reglum um aðsetur þeirra og störf verði fylgt. Alþjóðlegum sérfræðingum getur fylgt þróun á því sviði sem þau starfa við. Ásamt því gera slíkar aðgerðir Ísland að aðlaðandi kost fyrir alþjóðlega sérfræðinga, sem getur einnig haft í för með sér að fleiri alþjóðleg störf standi Íslendingum til boða.

Huga þarf að því að alþjóðlegir sérfræðingar geta annað hvort verið í fullu starfi á Íslandi, en einnig eru til dæmi um alþjóðlega sérfræðinga sem flokkast sem „stafrænir flakkarar“. Þeir starfa gegnum alnetið og flytja búsetu sína reglulega milli landa. Í þeim tilfellum sem skatttekjur fást ekki af alþjóðlegum sérfræðingum sem hér búa og starfa til lengri tíma þarf að skerpa á reglum varðandi slíka dvöl, án þess þó að koma í veg fyrir hana. Tryggja þarf að svigrúm sem reglur veita alþjóðlegum sérfræðingum sé ekki misnotað.

9.1.8. Fólk með skerta starfsgetu

Nauðsynlegt er að gera ráð fyrir fólki með skerta starfsgetu innan námskerfisins og á vinnumarkaði og tryggja þeim tækifæri til jafns við aðra. Framsókn vill að fólk með skerta starfsgetu hafi möguleika á því að taka þátt á vinnumarkaði og vill áfram efla vinnumarkaðsúrræði á borð við atvinnu með stuðningi.

9.2. Forvirkar aðgerðir og starfsendurhæfing

9.2.1. Jafnvægi milli vinnu og einkalífs

Framsókn telur mikilvægt að sett séu mörk þegar kemur að jafnvægi milli vinnu og einkalífs. Það samræmir stefnu Framsóknar í fjölskyldumálum.

9.2.2. Forvirkar aðgerðir og vinnuvernd

Vinnueftirlitið þarf að vera öflugra í því að grípa til aðgerða gagnvart fyrirtækjum sem ekki uppfylla lög og reglugerðir um öryggi starfsfólks. Skoða þarf hvort þau úrræði sem standa Vinnueftirlitinu til boða, s.s. forvirk úrræði, sektir eða annað, nægja til þess að fæla atvinnurekendur frá því að fylgja ekki þeim lögum og reglum.

9.2.3. Kulnun

Mikilvægt er að skoða hvers vegna aukning á kulnun hefur átt sér stað hér á landi. Greina þarf betur orsakir og afleiðingar kulnunar og langtímaveikinda í starfi og vinna gegn þeim þáttum í kjölfarið.

9.3. Réttindi og skyldur launafólks

9.3.1. Launajafnrétti kynjanna

Launajafnrétti kynjanna er einn mikilvægasti þáttur jafnréttis kynjanna almennt og sér í lagi á vinnumarkaði. Notast hefur verið við jafnlaunavottun sem virðist ekki hafa skilað tilætluðum árangri hingað til, en litlir og meðalstórir atvinnurekendur hafa til að mynda bent á að kostnaður við vottunina sé sligandi og að hún skili ekki raunverulegum árangri hvort eð er. Skoða þarf hvort aðrar aðferðir geti skilað betri árangri og draga úr kostnaði við slíkar aðgerðir, sérstaklega hjá litlum og meðalstórum fyrirtækjum.

9.3.2. Félagsleg undirboð og brot gegn kjarasamningum

Reglulega koma upp mál sem varða félagslegt undirboð þar sem yfirleitt er um að ræða verkefnatengdan iðnað og erlent vinnuafli. Uppræta þarf með öllu félagsleg undirboð. Að öðrum kosti skapast tveir heimar á Íslandi sem geta leitt af sér aukningu á glæpum, svartri atvinnustarfsemi og annarri skaðlegri starfsemi. Félagsleg undirboð geta einnig aukið fátækt, heimilisleysi, fíknihæðun og annars konar aðstæður sem erfitt getur reynst að glíma við. Stéttarfélag og opinberir aðilar þurfa að taka höndum saman við að vera vakandi fyrir félagslegum undirboðum og öðrum brotum á kjarasamningum til að tryggja öryggi á vinnumarkaði.

9.3.3. Staða og réttindi einyrkja/sjálfstætt starfandi

Rýna þarf stöðu og réttindi einyrkja/sjálfstætt starfandi einstaklinga með hliðsjón af því hvort sérreglur varðandi þá einstaklinga á vissum sviðum séu nauðsynlegar eða hvort tilefni sé til að einfalda þær og bæta. Skoða þarf réttindi einyrkja hvað varðar fæðingarorlof, margvíslegar kröfur sem gerðar til fyrirtækja um skráningar og vottanir og annað sem mögulega gæti talist óyfistíganlegt nema fyrir lítil og meðalstór fyrirtæki.

9.3.4. Gerviverktakar og svört atvinnustarfsemi

Koma þarf böndum á gerviverktöku, sem virðist vera að aukast með svokölluðu „gigghagkerfi“. Nefna má ýmiss konar sendlaupjónustu og akstursþjónustu þar sem einstaklingar skrá sig og taka þeim störfum sem þar bjóðast. Í ákveðnum tilfellum, aðallega þar sem einstaklingar hafa slíkt að aðalstarfi, fylgja takmörkuð réttindi og færri tryggingar slíkri starfsemi.

Koma þarf í veg fyrir að gerviverktaka vaxi óyfirstíganlega mikið á þennan hátt og setja þarf skýrar línur. Gerviverktaka er einnig of algeng í öðrum störfum og er mikilvægt að stéttarfélög, ríki og vinnumarkaðurinn í heild hjálpist að við að uppræta hana, enda getur hún í ákveðnum tilvikum haft skaðleg áhrif á starfsfólk ásamt því hafa áhrif á réttindi þeirra, t.d. lífeyri.

Framsókn vill að brugðist verði við svartri atvinnustarfsemi og leitað verði leiða til að koma böndum á hana.